

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 7/2004 um reglur um endurskoðun á fyrirframgreiðslu þinggjalda og jöfnunargjalds á árinu 2004.

1. Frestur vegna umsókna um lækkun fyrirframgreiðslu ársins 2004 er til 2. apríl nk. Umsóknir ásamt gögnum skulu því í síðasta lagi hafa verið póstlagðar til skattstjóra í umdæmi umsækjanda fyrir lok umsóknarfrests.
2. Forsendur fyrir lækkun fyrirframgreiðslunnar eru þær að skattstofnar vegna tekjuársins 2003 séu a.m.k. 25% lægri en á tekjuárinu 2002 og að álögð gjöld 2004 muni að lágmarki verða 20.000 kr. lægri en við álagningu 2003.
3. Umsækjanda ber að sýna fram á forsendur lækkunar með skattframtali 2004 ásamt lögboðnum fylgiskjöllum. Ársreikningar skulu fylgja skattframtölum rekstraraðila. Hafi umsækjandi skilað rafrænu framtali 2004 ásamt fylgigögnum er nægilegt að vísa til þess í umsókninni.
4. Ákvörðun skattstjóra er kæránleg til ríkisskattstjóra innan 15 daga frá dagsetningu úrskurðar.
5. Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 988/2003.

Reykjavík, 6. febrúar 2004.

Ingvar J. Rögnvaldsson vararíkisskattstjóri.

Nr. 133

2. febrúar 2004

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Umhverfisstofnun hefur gefið út starfsleyfi fyrir móttöku-, flokkunar- og brennslustöð Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja sf., Reykjanesbæ, kt. 531278-0469. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. febrúar 2016.

Umhverfisstofnun, 2. febrúar 2004.

Árni Bragason,
staðgengill forstjóra.

*Gunnlaug Einarsdóttir,
staðgengill forstöðumanns
stjórnsýslusviðs.*